

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Livostin 0,5 mg/ml augndropar, dreifa

levokabastin

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

Þetta lyf er fáanlegt án lyfseðils. Engu að síður er nauðsynlegt að nota Livostin augndropa á réttan hátt til að ná sem bestum árangri.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum eða ráðgjöf.
- Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.
- Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Livostin augndropa og við hverju þeir eru notaðir
2. Áður en byrjað er að nota Livostin augndropa
3. Hvernig nota á Livostin augndropa
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Livostin augndropa
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Livostin augndropa og við hverju þeir eru notaðir

Livostin augndropar er andhistamín sem notað er við ofnæmisþægindum eins og augnroða, þröta í augum, rennsli úr augum og augnkláða. Livostin augndropar eru notaðir við ofnæmi af völdum frjókorna eða annarra loftborinna ofnæmisvalda frá t.d. gæludýrum, ryki eða myglu/sveppagróum.

Livostin vinnur gegn ofnæmi með því að hindra áhrif histamíns. Það er histamín sem veldur roða, þröta, kláða og rennsli úr augum. Verkun Livostin hefst innan 15 mínútna.

Verið getur að lækinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

2. Áður en byrjað er að nota Livostin augndropa

Ekki má nota Livostin augndropa:

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir levokabastini eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).

Varnaðarorð og varúðarreglur

- Ráðfærðu þig við lækinn ef þú ert með skerta nýrnastarfsemi.

Meðganga og brjóstagjöf

Þungaðar konur og konur með barn á brjósti mega nota Livostin augndropa.

Akstur og notkun véla

Livostin getur valdið augnertingu, verk í auga, bólgu í auga, kláða í auga, roða í auga, sviða í augum, tárarennslu og þokusýn. Gæta skal varúðar við akstur og notkun véla eftir notkun Livostin augndropa. Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og

aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

Livostin augndropar innihalda própýlenglýkól, fosfat stuðpúða, pólýsorbit 80 og bensalkónklóríð

Lyfið inniheldur u.þ.b. 1,5 mg af própýlenglýkóli í hverjum dropa sem jafngildir 50 mg/ml.

Lyfið inniheldur u.þ.b. 0,28 mg af fosfötum í hverjum dropa sem jafngildir 9,50 mg/ml. Ef verulegar skemmdir eru á glæra laginu sem er fremst á auganu (hornhimnunni), geta fosföt örsjaldan valdið skýjuðum flekkjum á hornhimnunni vegna uppsöfnunar kalks meðan á meðferð stendur.

Lyfið inniheldur pólýsorbit 80. Pólýsorböt gætu valdið ofnæmisviðbrögðum.

Lyfið inniheldur u.þ.b. 4,5 míkrogrömm af bensalkónklóríði í hverjum dropa sem jafngildir 0,15 mg/ml.

Bensalkónklóríð getur sogast inn í mjúkar augnlinsur og breytt lit þeirra. Fjarlægja skal augnlinsur fyrir notkun lyfsins og setja þær aftur í 15 mínútum eftir lyfjagjöf. Bensalkónklóríð getur einnig valdið ertingu í auga, sérstaklega hjá þeim sem eru með augnþurrk eða sjúkdóm í hornhimnunni (í glæra laginu yst á auganu). Þeir sem finna fyrir óeðlilegri tilfinningu í auga, stingjum eða verk í auga eftir notkun lyfsins skulu ræða við lækinn.

3. Hvernig nota á Livostin augndropa

Alltaf skal nota lyfið nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og læknirinn hefur mælt fyrir um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá læknum eða lyfjafræðingi.

Lyfið er fánlegt án lyfseðils til meðferðar við ofnæmi og venjulegur skammtur fyrir fullorðna og börn með vægt til í meðallagi mikið frjókornaofnæmi er 1 dropi í hvort auga 2 sinnum á dag. Ef þörf krefur má gefa skammtinn allt að 4 sinnum á dag. Halda á meðferðinni áfram svo lengi sem ofnæmisþægindi eru í auganu. Hafðu samband við lækni ef verkun lyfsins kemur ekki fram innan nokkurra daga eða ef þú þarft að nota augndropana lengur en samfleytt í 1 mánuð í fyrsta skiptið sem þú notar Livostin augndropa.

Eftir að pakkning lyfsins hefur verið rofin má ekki nota innihaldið lengur en í einn mánuð.

Notkunarleiðbeiningar

1. Hristið dropaglasíð vel og skrúfið tappann af. Fjarlægið hringinn af dropaglasinu þegar það er opnað í fyrsta sinn.
2. Hallið höfðinu aftur.
3. Þrýstið á botn dropaglassins og dreypið einum dropa varlega í augnkrókinn. Blikkið auganu um leið og neðra augnlokið er dregið niður, til að dropinn dreifist yfir allt augað.
4. Með sama hætti skal gefa lyfið í hitt augað.

Til að koma í veg fyrir mengun augndropanna á að forðast að dropaglasíð snerti augun.

Ef notaður er stærri skammtur en mælt er fyrir um

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222).

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Algengar aukaverkanir (*koma fyrir hjá fleiri en 1 af hverjum 100 notendum*): Óþægindi í augum, eins og verkur og þokusýn. Óþægindi í augum í tengslum við dreypingu augndropanna í augun: bruna-/sviðatilfinning og erting.

Sjaldgæfar aukaverkanir (*koma fyrir hjá færri en 1 af hverjum 100 notendum*): Bjúgur á augnloki.

Aukaverkanir sem koma örsjaldan fyrir (*koma fyrir hjá færri en 1 af hverjum 10.000 notendum*):

Óþægindi í augum í tengslum við dreypingu augndropanna í augun: verkur, bjúgur, roði, kláði, tárarennisli og þokusýn.

Bólga, bjúgur ásamt roða í auga. Hvarmabólga.

Höfuðverkur.

Hjartsláttarónot.

Ofnæmisviðbrögð, snertihúðbólga og ofsakláði. Hættu að nota augndropana og hafðu tafarlaust samband við lækni, ef þú færð eftirfarandi einkenni (ofnæmisbjúg): bjúg í andliti, tungu eða koki, kyngingarerfiðleika eða útbrot sem fylgir ofsakláði og öndunarerfiðleika.

Örsjaldan getur sumt fólk með verulegar skemmdir á hornhímnunni fengið á hana skýjaða flekki vegna uppsöfnunar kalks meðan á meðferð stendur (sjá líka kafla 2).

Tilkynning aukaverkana

Látið lækinn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Livostin augndropa

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Geymið við lægri hita en 25°C.

Órofna þakkingu á að nota fyrir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Rofna þakkingu má ekki nota lengur en í einn mánuð.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Þakkingar og aðrar upplýsingar

Livostin augndropar innihalda

- Virka innihaldsefnið er levokabastinhýdróklóríð, samsvarandi 0,5 mg levokabastin/ml.
- Önnur innihaldsefni eru própýlenglýkól, pólýsorbitat 80, natríumtvíhýdrógenfosfat, tvínatríumfosfat, tvínatríumedetat, hýprómellósi, bensalkónklóríð 0,15 mg/ml (rotvarnarefni) og vatn.

Lýsing á útliti Livostin augndropa og þakkingastærðir

Hvít dreifa.

Án lyfseðils: Plastflaska sem inniheldur 4 ml.

Markaðsleyfishafi og framleiðandi

Markaðsleyfishafi
McNeil Sweden AB
Solna, Svíþjóð

Framleiðandi

Famar S.A., Aþena, Grikkland

Samhliða innflutningur

Heilsa ehf., Bæjarflöt 1, 112 Reykjavík.
Merking: Heilsa ehf., Reykjavík.

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í júní 2026.